

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn á Akureyri þann 7. ágúst kl. 10:30 í Gömlu gróðrarstöðinni.

Mætt voru: Anna Ragnarsdóttir formaður, Davíð Herbertsson, Sigurlína Jóhannesdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.

Dagskrá:

1. Aðalfundur LSE 2013
2. Tillögur til aðalfundar LSE 2013
3. Staðsetning aðalfundar LSE 2014
4. Lög LSE – breytingar á lögum.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Aðalfundur LSE í Hveragerði dagana 30.-31. ágúst. Rætt var um hvaða stjórnarmenn komist á fundinn, stefnt að því að allir fari. Ákveðið var að taka ekki rútu að þessa sinn heldur sjái hver um sig en benda félagsmönnum á Strætó.
2. Málið rætt, samkomulag um að Valgerður setji saman tillögu að tillögum og sendi á alla.
3. Komið hefur í ljós að ekki gengur að hafa aðalfund LSE 2014 á Akureyri helgina 29-31 ágúst 2014 eins og rætt var um síðasta fundi. Tillaga kom því upp um að halda fundinn í [Menningarhúsinu Miðgarði](#) í Skagafirði. Þar væri einnig hægt að hafa lokahófið. Húsið er búið öllum tækjum til fundahalda. Leiga fyrir húsið er í kringum 140 þúsund fyrir helgina. Gistimöguleikar eru að Löngumýri, í Lauftúni og á [Hótel Varmahlíð](#) sem jafnframt mundi þá sjá um veitingar í Miðgarði, tjaldstæði í Varmahlíð fyrir fólk á húsbílum. Einnig á [Steinsstöðum](#), [Bakkafliot](#) og [Hofsstöðum](#) en þangað eru tæplega 10 km. Jafnframt er boðið upp á gistingu í sumarhúsum á svæðinu. Á síðunni [Visit Skagafjörður](#) slóðin er www.visitskagafjorduri.is er að finna fleiri tilboð um gistingu. Hugsanlega verða “Kraftmeiri Skógar” með lokafund í samvinnu við aðalfundinn, og þá jafnvel á föstudeginum fyrir aðalfundinn.
4. Tillaga um breytingar á lögum LSE sem fundarmenn höfðu fengið sendar í tölvupósti. Rætt var um 5 lið, sem fjallar um breytingar á stjórnarkjöri LSE. Nokkrar athugasemdir komum fram og var Valgerði falið að setja saman tillögu að breytingatillögu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:40

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.